



## **Pá er komið að árlegu haustnámskeiði í skapandi tónlistarstjórnun!**

*Dýnamískt, leikandi og praktískt námskeið, þar sem farið verður ofaní kjölinn á skemmtilegum og einföldum ferlum sem gera lærdum sem leiknum kleift að semja saman nýja tónlist. Námskeiðið hentar öllum þeim sem kenna, iðka eða nýta tónlist í starfi sínu og hafa áhuga á að efla hinn skapandi þátt.*

**Helgina 30. ágúst og 1. september 2024**

**10.00-17.00 báða dagana**

**Á sal Nýja Tónlistarskólans**

**Grensásvegi 3-5 Reykjavík**

**(Athugið að því miður er ekki lyfta, en námskeiðið fer fram á þriðju hæð í húsinu)**

*Ég skemmti mér konunglega og reyndi að njóta framlags míns sem að hluta af frábærum hópi.*

*Þátttakandi janúar 2024*

Tímanum verður skipt á milli praktískra ferla og umræðna, þar sem hópurinn mun kryfja viðfangsefni, spyrja spurninga og ræða hvernig hægt væri að þróa efnivið áfram og aðlaga að þeirra eigin starfsumhverfi. Hópurinn mun á stundum vinna saman sem ein heild eða skiptast niður í smærri einingar, fyrir stutt verkefni sem kynnt verða jafnóðum.

Dæmi um viðfangsefni:

- Upphitunaræfingar
- Rhythmaæfingar
- Söngspuni
- Hópeflisæfingar
- Tónsmíðuferli útfrá gefnum upphafspunktum
- Stjórnun

*Námskeiðið skildi helling eftir sig! Það opnaði skapandi hurð í að kenna eða stýra leikandi í átt að opinni sköpun.*

*Þátttakandi 2021*

Námskeiðsgjald 40.000kr.-

Skráning fer fram á [sigrunsae@yahoo.co.uk](mailto:sigrunsae@yahoo.co.uk)

- Hægt er að sækja um styrki frá endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna.

*Það sem mér þótti best var leikgleðin og góð stemning í hópnum. Jákvætt og styðjandi umhverfi.*

*Þátttakandi janúar 2024*

## Um leiðbeinandann:

**Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths** útskrifaðist úr blásarakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík vorið 1997. Þaðan lá leið hennar til London þar sem hún stundaði nám við Guildhall School of Music and Drama. Hún útskrifaðist árið 2000 og hefur stýrt farsælum ferli sem stjórnandi skapandi tónlistarnámskeiða við allar mögulegar samfélagslegar aðstæður og kennt vinnuaðferðir tengdar sínu fagi starfandi hljóðfæraleikurum, stjórnendum og kennurum í Englandi, Íslandi, víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Asíu.

Á sjálfstæðum ferli sínum hefur Sigrún stýrt skapandi tónsmíðaverkefnum fyrir sinfóníuhljómsveitir á borð við Royal Philharmonic Orchestra, London Symphony Orchestra, Britten Symphonia, London Sinfonietta, London Philharmonic Orchestra, listastofnanir svo sem The Barbican Centre, Bath International Music Festival, The Southbank Centre, English National Ballet, Casa da Musica (Porto), European Music Council, Listahátíð í Reykjavík, BBC, ITV. Sigrún hefur stýrt verkefnum við háskólana Tokyo Collage of Music og Kobe Collage í Japan, Yong Siew Toh Conservatory of Music í Singapore og University of Southern California í Bandaríkjunum.

Þrátt fyrir að hafa búið í London í tæp 30 ár, hefur Sigrún ávallt haldið tryggð við sitt heimaland. Hún hefur haldið námskeið fyrir kennara og stjórnendur ár hvert síðan 2006, auk þess að vera stofnandi og gestakennari við Listaháskóla Íslands síðan 2002.

Sigrún kefur kennt við Guildhall School of Music and Drama síðan 1999 og stýrði þar mastersdeild í Skapandi tónlistarmiðlun sem bar nafnið Masters in Leadership frá árunum 2008-2019. Í dag kennir hún og stjórnar Social Arts Practice valgreinum fyrir tónlistarnemendur á BA og Mastersstigi við Guildhall. Sigrún er einn stofnenda *Guildhall Connect*, sem er hið margrómaða samfélagsverkefni Guildhall, en verkefnið vann The Queen's Award árið 2005.

Sigrún er stofnandi og listrænn stjórnandi fyrirtækisins [MetamorPhonics](#), sem rekur tónlistarverkefni með heimilislausum og fólki í endurhæfingu sem glímir við margþættan samfélagslegan- og heilsufarslegan vanda í Bretlandi og á Íslandi.

Hún er stjórnandi hljómsveitarinnar [The Messengers](#), sem samanstendur af nemendum úr Guildhall og fólki sem sækir aðstoð til hjálparstofnana heimilislausra í London. Hljómveitin hefur brotið blað í sögu samfélagstengdra tónlistarverkefna með því að koma fram á þekktum tónleikastöðum og tónlistarhátíðum, tekið upp fyrir alþjóðlegt útgáfufyrirtæki David Byrne, Luaka Bop og nú gefið út sína fyrstu hljómplötu, [Bear Witness](#).

Í febrúar 2021 stofnaði Sigrún nýja hljómsveitina [Korda Samfónía](#) á Íslandi í samstarfi við Listaháskóla Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Tónlistarborgina Reykjavík, Hugarafli og starfsendurhæfingastöðvar á Suðurnesjum, Akranesi og Hafnarfirði. Debut tónleikar Kordu Samfóníu voru tilnefndir til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir viðburður ársins og var fyrsta plata hljómsveitarinnar, tónleikaupptakan af debut tónleikunum, gefin út á Spotify í maí 2022.

Í maí 2022 var sýndur sjónvarpsþáttur um hljómsveitina *Ég sé þig*, sem leikstýrt var af Önnu Hildi Hildibrandsóttur. Þátturinn var sýndur á RUV og gaf innsýn inni aðferðafræði og hugsjón Sigrúnar í sínu starfi auk þess sem þrír þátttakendur í hljómsveitinni sögðu sögu sína.

MetamorPhonics vann fyrstu verðlaun frá Creative Entrepreneurs prógrammi Guildhall skólans 2019 og Korda Samfónía fékk hvatningarverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2023.

Sigrún trúir staðfastlega á mikilvægi þess að allir hafi tækifæri til tónlistariðkunnar og aðgengi að listum. Hún veit að samstarf í listrænu samhengi er það afl sem auðgar líf einstaklingsins, gerir samfélögum kleift að koma saman og stuðlar að umburðarlyndi, jákvæðni og samkennd.